



Skipulagslýsing

**Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020
Vatnstökusvæði og vatnslögn á Árskógssandi**

September 2024



Efnisyfirlit

1	Yfirlit	2
2	Viðfangsefni	2
2.1	Breyting á aðalskipulagsupprætti	2
2.2	Útdráttur úr framkvæmdalýsingu umsækjanda	4
3	Forsendur	5
3.1	Stefna sveitarstjórnar	5
3.2	Menningarminjar	5
3.3	Ákvæði gildandi aðalskipulags	5
3.4	Tengsl við aðrar áætlanir	6
4	Áhrifamat, umhverfismat áætlunar	6
5	Skipulagsferli, kynning og samráð	6
5.1	Verkáfangar.....	7
5.2	Tímaáætlun	7
5.3	Umsagnaraðilar.....	8
5.4	Ábendingar og athugasemdir vegna lýsingar.....	8

Dalvíkurbyggð

Ráðhúsi

620 Dalvík

Kt: 620598-2089

<https://www.dalvikurbyggd.is>

Sími: 460 4900

TEIKNA - teiknistofa arkitekta

Kaupangi v/Mýrarveg

600 Akureyri

www.teikna.is

arni@teikna.is

Sími: 461 5508

1 YFIRLIT

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 áður en gengið verður frá breytingartillögu til kynningar og auglýsingar. Lýsingin er sett fram og kynnt í upphafi verks í samræmi við 30. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmunaaðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagstillögu.

Fyrir liggur umsókn til sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar dags. 2. maí 2024 um framkvæmdaleyfi fyrir vatnsöflun úr Þorvaldsdalsá fyrir fyrirhugaða eldistöð Laxóss ehf. á Árskógssandi. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 4. júní 2024 að undirbúa breytingu á aðalskipulagi þar sem gert yrði ráð fyrir vatnsbóli og vatnslögn í samræmi við framkvæmdalýsingu umsækjanda, Laxóss ehf. Aðalskipulagsbreytingin verður gerð skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Í lýsingu er gerð grein fyrir helstu forsendum, fyrirbyggjandi stefnu, áformuðum breytingum og fyrirhuguðu skipulagsferli. Leitað verður umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

2 VIÐFANGSEFNI

2.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir vatnstöku á áreyrum Þorvaldsdalsár um 1,5 km ofan árósa og rúmlega 1,3 km vatnslögn þaðan að lóð Laxóss ehf. við Öldugötu á Árskógssandi.

Fyrirhuguð breyting verður sett fram á breytingablaði aðalskipulags þar sem sýnt verður gildandi skipulag og breytingartillaga. Vatnslagnir eru merktar með V á skipulagsuppdrætti og vatnsból með ljósbláum punktum/svæðum. Engin breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulagsins.



1. mynd. Aðalsskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Drög að breyttu skipulagi. Fyrirhuguð vatnslögn og vatnstökusvæði innan rauðrar útlínu.

<p>LANDNOTKUN</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Þéttbýli, þéttbýlismörk ■ Ibúðarsvæði ■ Svæði fyrir þjónustustofnanir ■ Svæði fyrir þjónustustofnanir ■ Verslunar- og þjónustusvæði ■ Athafnasvæði ■ Iðnaðarsvæði ■ Hafnarsvæði ■ Landbúnaðarsvæði L1 ■ Landbúnaðarsvæði L2 ■ Landbúnaðarsvæði, sérákvæði ■ Frístundabyggð ■ Opin svæði til sérstakra nota ■ Afþreyingar- og ferðamannasvæði ■ Íþróttasvæði ■ Öbyggð svæði ■ Blönduð landnotkun ■ Efnistökusvæði ○ Merking landnotkunarreita ■ Landfyllingar 	<p>SAMGÖNGUKERFI</p> <ul style="list-style-type: none"> — Stofnbraut — Stofnbraut, jarðgöng — Tengivegur / tengibraut — Aðrir vegir / safngata Aðal göngu- og hjólastigar Megin útivistarstigur ■ Reiðleið <p>STOFNLAGNIR VEITUKERFA</p> <ul style="list-style-type: none"> — Rafveita, loftlína — Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði — Rafveita, jarðstrengur — Hitaveita — Vatnsveita — Ljósleiðari — Fráveita, útrás <p>GRUNNKORT Sveitarfélagsuppdráttur: Landmælingar Íslands, af kortablöðum í mkv. 1:50 000 Þéttbýlisuppdráttir: Hæðarlínur, Loftmyndir ehf. Önnur grunnkort: Veftræðistofa Norðurlands</p>	<p>TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Hverfisverndarsvæði ■ Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland ■ Svæði á Náttúruminjaskrá ■ Vatnsverndarsvæði ■ Brunnsvæði ■ Grannsvæði ■ Fjarsvæði ■ Fornminjar ■ Fornminjar, minjasvæði ■ Fornminjar, Sveitarlangur — Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
--	---	---

2.2 ÚTDRÁTTUR ÚR FRAMKVÆMDALÝSINGU UMSÆKJANDA

Vatnsöflunarbrunnur verður grafinn í malareyri vestan árinna, merkt A á mynd 2. Niðurgrafin drenrör leiða vatn, sem síast í gegn um mölina í brunninn. „Allar vatnslagnirnar verða grafnar í jörðu þannig að þær verða ekki sýnilegar og að framkvæmdum loknum verða lítil ummerki um jarðrask. Frágangur á borholum verður líkt og víða er gert, þannig að það fari sem minnst fyrir þeim og þær verði lítið sýnilegar og lokaðar þannig að t.d. yfirborðsvatn og óhreinindi komist ekki inn í lagnirnar. Lögnin frá „A“ yrði ríflega 1.300 m löng en hæð yfir sjávarmáli er u.þ.b. 24 m á þessu svæði. Vonir eru bundnar við að vatnið náist sjálfrennandi, að öllu- eða mestu leyti, frá svæðinu. Við hámarks framleiðslu, 1.200 tonna lífmassa á ári, verður meðal heildar rennsli á ári að hámarki 300 l/sek og hönnun vatnskerfisins mun taka mið af því. Þar af er áætlað að 120 l/sek., verði hreinn sjór og 180 l/sek., verði samtals tekið úr borholum og úr ánni.“



2. mynd. Skýringarmynd. Vatnsból (A) og lögn að eldisstöð.

3 FORSENDUR

3.1 STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

Stefna sveitarstjórnar er sett fram í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020:

„Bæjarstjórn leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggist m.a. á mannauði, gæðum lands og sjávar, aðdráttarafli náttúrufergurðar og menningarlífs. Stuðlað verði að nýsköpun sem m.a. byggist á hugviti og hátækni í sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, landbúnaði, iðnaði, ferðaþjónustu og öðrum þjónustugreinum.“

Önnur atriði í stefnu sveitarstjórnar í gildandi aðalskipulagi eiga ekki beinlínis við breytingu þessa. Ekki er gerð grein fyrir einkavatsnveitum í aðalskipulaginu.

3.2 MENNINGARMINJAR

Fyrir liggur *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal* (Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands 2003).

Í fyrirbyggjandi fornleifaskrá er einn minjastaður merktur við fyrirhugaða legu vatnslagnar. Þar er um að ræða **EY-054:027, Móagötur**, gata, leið.

„Móagötur liggja beint til bæjar í Litla-Árskógi þaðan sem þessir troðningar [þ.e. þessi og Melagötur - 026] mætast ofan við Sólvelli, en hverfa á köflum undir Sandsveginn nýja.“ segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. „Móagötur lágu um móana frá sjó að Litla-Árskógi. Gatan var á svipuðum slóðum og Hafnargata liggur nú. Gatan lá í múum en nú er Móagata á svipuðum stað og sléttuð tún umhverfis stóran part af leiðinni. Móa- og Melgötur komu saman þar sem Aðalbraut sameinast Hafnargötu.“

Vatnslögnin mun liggja annars vegar í brekkurót ofan votlendis og áreyra (ekki nálægt Móagötum) og hins vegar á röskuðu landi meðfram núverandi aðkomuvegi og mun ekki raska Móagötum meira en orðið er.

3.3 ÁKVÆÐI GILDANDI AÐALSKIPULAGS

3.3.1 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Fyrirhuguð vatnslögn mun að hluta verða innan útivistarsvæðis 806-O. „Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með ákveðið útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð“ (kafli 4.14).

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
806-O	37,5	Bakkar Þorvaldsdalsár.	Útivistarsvæði.	Óbreytt.

Ólíklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir og mannvirki hafi nein áhrif á útivistargildi svæðisins nema á framkvæmdatíma.

3.3.2 NÁTTÚRUVERNÐ

Fyrirhuguð vatnstökusvæði og hluti vatnslagnar verður innan hverfisverndarsvæðis 807_Hv. Um hverfisverndarsvæði gilda eftirfarandi almenn ákvæði (kafli 5.1):

Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda á á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilár svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins. Nánari hverfisverndarákvæði verða sett á skipulagstímabilinu.

Um hverfisverndarsvæði 807-Hv gilda eftirfarandi sérákvæði (kafli 5.1):

807-Hv Brúarhvammur, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá.

Vítt gil og hefst það um brúna og Þorvaldsárfoss. Tæplega 60 ha.

Ákvæði: Verndun sérstakra landslagsgerða jarðmyndanna og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.

Framkvæmdir og nauðsynleg mannvirki eru heimil á hverfisverndarsvæðum ef þess er gætt að skerða á engan hátt viðfangsefni hverfisverndar og hlutverk viðkomandi svæðis. Frágangur á vatnstökubrunni miðast við að sem minnst fari fyrir brunnlokum. Fyrirhuguð vatnslögn verður niðurgrafin og ummerki um framkvæmdina hverfa fljótt.

3.4 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Breytingin á hvorki við viðfangsefni Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 né aðalskipulags aðliggjandi sveitarfélaga, Fjallabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hörgársveitar. Fyrirhuguð framkvæmd snertir ekki stefnumörkun Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

4 ÁHRIFAMAT, UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR

Öll skipulagsgerð fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Við gerð breytingartillögu aðalskipulags verður unnin umhverfismatsskýrsla þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosta,
- lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið,
- nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Gerð verður grein fyrir umhverfismati skipulagsins í greinargerð skipulagbreytingarinnar í samræmi við umfang og tilefni.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi verður sett fram á breytingarblaði þar sem gerð verður nánari grein fyrir breytingum á skipulagsuppdraetti og skipulagsákvæðum, helstu forsendum og umhverfisáhrifum breytingarinnar eftir því sem við á. Breytingatillaga verður auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga með a.m.k. 6 vikna athugasemdafresti.

5.1 VERKÁFANGAR

- Lýsing aðalskipulagsbreytingar
 - Auglýsing og kynning
 - Lýsing send umsagnaraðilum
- Drög að breytingu á aðalskipulagi svæðisins kynnt sbr. 30. gr. skipulagslaga
 - Gengið frá breytingartillögu.
 - Kynning; opið hús/almennur fundur.
- Skipulagstillaga afgreidd af sveitarstjórn til auglýsingar
- Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til yfirferðar
- Auglýsing, 6 vikna athugasemdafrestur
 - Yfirferð athugasemda
 - Tillögur um afgreiðslu athugasemda
- Samþykkt sveitarstjórnar
- Staðfesting Skipulagsstofnunar á breytingu á aðalskipulagi og auglýsing um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

5.2 TÍMAÁÆTLUN

Stefnt er að því að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar verði auglýst í september 2024. Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi taki gildi í desember 2024 eða janúar 2025.



3. mynd. Skipulagsferli, skýringarmynd.

5.3 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Fiskistofa
- Vegagerðin
- Norðurorka
- Aðliggjandi sveitarfélög
 - Hörgársveit
 - Sveitarfélagið Skagafjörður
 - Fjallabyggð
- Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
- Veiðifélag Þorvaldsdalsár

5.4 ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR VEGNA LÝSINGAR

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum á vef sveitarfélagsins <https://www.dalvikurbyggd.is/>, í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/> og verður hún aðgengileg á skrifstofu Dalvikurbyggðar, Ráðhúsinu á Dalvík.

Á kynningartíma lýsingarinnar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum um fyrirhugaða skipulagsvinnu frá almenningi og umsagnaraðilum.

Ábendingar skulu vera skriflegar og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

- Dalvikurbyggð
Ráðhúsi
620 Dalvík
- eða á netfangið dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is

Ábendingum og athugasemdum við skipulagslýsingu verður ekki svarað formlega. Þær verða hins vegar hafðar til hliðsjónar og leiðbeiningar eftir því sem við á við gerð skipulagstillögunnar. Hægt verður að gera formlegar athugasemdir þegar skipulagstillaga verður auglýst.

Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Dalvikurbyggðar (<https://www.dalvikurbyggd.is/>).